



Reykjavík, 31. mars 2016

Niðurstaða athugunar á viðskiptaháttum Landsbankans hf. vegna sölu á hlut hans í Borgun hf.

Hinn 25. nóvember 2014 seldi Landsbankinn hf. 31,2% eignarhlut sinn í Borgun hf. Kaupendur að umræddum eignarhlut voru annars vegar eignarhaldsfélagið Borgun slf. sem er í eigu hóps fjárfesta og hins vegar BPS ehf. sem er í eigu tiltekinnna starfsmanna og stjórnenda Borgunar. Hluturinn var seldur á um 2,2 milljarða króna og var hann ekki seldur í opnu sölufarli.

Hinn 2. nóvember 2015 var tilkynnt á vefsíðu Visa Europe að samningar hefðu tekist milli Visa Inc. og Visa Europe um kaup fyrrnefnda félagsins á því síðarnefnda fyrir allt að 21,2 milljarða evra eða um þrjú þúsund milljarða króna. Byggði yfirtakan á valrétti til 99 ára milli Visa Inc. og Visa Europe frá árinu 2007. Áhrif samrunans eru m.a. þau að Borgun, rétt eins og Valitor, mun fá hlutdeild af söluvirði Visa Europe.

Í framangreindum kaupsamningi um sölu á eignarhlut Landsbankans í Borgun var ekki sérstaklega samið um viðbótargreiðslu kaupverðs kæmi til þess að umræddur valréttur yrði nýttur og Borgun öðlaðist rétt til greiðslna vegna hans. Hins vegar hafði verið sérstaklega samið um slíkar greiðslur í kaupsamningi Landsbankans vegna sölu á eignarhlut hans í Valitor en viðræður um þau viðskipti höfðu farið fram á svipuðu tímabili á árinu 2014 þótt viðskiptum með hlut Landsbankans í Borgun hafi lokið fyrr.

Þegar upplýsingar um þetta lágu fyrir hóf Fjármálaeftirlitið athugun á starfsháttum bankans í tengslum við söluna. Var markmið hennar að kanna hvort verklag bankans við framkvæmd sölunnar á Borgun samræmdest eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum og venjum á fjármálamarkaði, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtækið.

Vegna athugunarinnar fór fram ítarleg upplýsinga- og gagnaöflun af hálfu Fjármálaeftirlitsins í því skyni að varpa ljósi á framkvæmd bankans.

Í 1. gr. laga nr. 161/2002 kemur fram að fjármálafyrirtækjum beri að starfa á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi. Í því samhengi er það mat Fjármálaeftirlitsins að gera verði sérstaklega ríka kröfu til fagmennsku og vandvirkni í vinnubrögðum þegar verið er að selja eignir í eigu viðskiptabanka að stærstum hluta í eigu ríkisins, ekki í opnu sölufarli og með einn tilboðsgjafa. Í því felst m.a. að leggja sérstakt mat á orðsporsáhættu sem getur fylgt því að hafa sölufarlið ekki opið og kanna hvort sérfræðiaðstoð þriðja aðila og/eða sjálfstæð áreiðanleikakönnun sé til þess fallin að veita bankanum aukinn aðgang að gögnum og upplýsingum um félagið í sölufarlinu.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Að teknu tilliti til þessa og fyrirliggjandi gagna og upplýsinga var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að verklagi Landsbankans við sölu á 31,2% eignarhlut hans í Borgun á árinu 2014 hafi verið áfátt og það heilt á litið ekki hafa verið til þess fallið að skila bestri niðurstöðu fyrir bankann. Með vísan til þess er það mat Fjármálaeftirlitsins að verklag bankans við sölu á eignarhlut hans í Borgun hafi ekki að öllu leyti samræmst eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum á fjármálamarkaði, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002.

Þar sem bankinn hefur að eigin frumkvæði tilkynnt Fjármálaeftirlitinu að hann hafi í hyggju að grípa til nánar tilgreindra aðgerða, í því skyni að taka þá þætti í starfsemi sinni er málið varðar til endurskoðunar, telur stofnunin ekki tilefni til frekari aðgerða að svo stöddu en óskar þó eftir að vera upplýst um framgang endurskoðunar á verklagi, eftir því sem við á.